

Alcoa Fjarðaál
Hrauni 1
730 Reyðarfjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 15. ágúst 2014
Tilvísun: UST20121200024/a

Viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir (ETS) - Losunarleyfi

Umhverfisstofnun hefur í dag gefið út losunarleyfi fyrir Alcoa Fjarðaál, samkvæmt 8. gr. laga nr. 70/2012 um loftslagsmál. Losunarleyfið er meðfylgjandi bréfi þessu. Ákvörðun um útgáfu leyfisins er kæránleg til úrskurðarnefndar um umhverfis- og auðlindamál skv. 4 gr. reglugerðar nr. 70/2013 um losunarleyfi rekstraraðila í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kærana fer samkvæmt lögum sem um úrskurðarnefndina gilda. Losunarleyfið tekur gildi nú þegar.

Virðingarfyllst

Ólafur A. Jónsson
Sviðsstjóri

Vanda Hellsing
Vanda Úlfrún Liv Hellsing
Sérfræðingur

Losunarleyfi fyrir Alcoa Fjarðaál, Reyðarfirði

Númer losunarleyfis: IS-ETS-003-02

Leyfi þetta er gefið út af Umhverfisstofnun í samræmi við ákvæði laga nr. 70/2012 um loftslagsmál, með síðari breytingum, samkvæmt tilskipun 2003/87/EB, með síðari breytingum, og reglugerð nr. 70/2013 um losunarleyfi rekstraraðila í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir.

1. ALMENN ÁKVÆÐI

1.1 Rekstraraðili

Losunarleyfi þetta tekur til losunar gróðurhúsalofttegunda í neðangreindri starfsemi Alcoa Fjarðaál, Hrauni 1, 730 Reyðarfirði, kt. 520303-4210.

Alcoa Fjarðaál er hér eftir nefnt rekstraraðili.

1.2 Lýsing á starfsstöð og starfsemi rekstraraðila, b.á.m. þeirri tækni sem notuð er

Losunarleyfi þetta nær yfir eftirfarandi starfsemi rekstraraðila:

Framleiðsla áls sem fer fram með rafgreiningu í einangruðum stálkerum í kerskála. Notast er við forbökuð forskaut, súrál- og flúormatara (Point Fed Prebake tækni). Álið er framleitt með rafgreiningu í 336 kerum kerskálans. Fyrirtækið samanstendur af tveimur kerskálum og steypuskála með fjórum ofnum, sem hitaðir eru með rafmagni. Þá tilheyrir álverinu skautsmiðja, þurrhrensivirki, súrálssíló og aðrar hráefnageymslur auk þjónustubyggina. Öll tækni og tæki álversins eru í samræmi við staðal um bestu fánlegu tækni (BAT) en tæknin felst m.a. í notkun þurrhrensibúnaðar með a.m.k. 99,8% hrensivirkni til að fjarlægja og endurvinna flúor úr útblæstrinum.

Losunarleyfi þetta nær til losunar á eftirfarandi gróðurhúsalofttegundum:

Koldíoxíð (CO₂) og flúorkolefni (PFC).

Næstum öll losun koltvísýrings frá starfsseminni myndast þegar kolefni í rafskautum hvarfast við súrefni í súráli en jafnframt, í minna mæli þó, þegar rafskaut hvarfast við súrefni í loftrýminu ofan við súrálið í kerinu. Alcoa Fjarðaál notar aðferðir við framleiðsluna sem tryggja að rafskautin séu þakin með viðeigandi þekjuefni til þess að halda snertingu kolefnis við súrefni í loftinu fyrir ofan súrálið í lágmarki. Um leið er orkunýtingu haldið í hámarki með því að hraða hvörfun kolefnis í rafskautunum við súrefnið í súrálinu. Brennsla LPG gass til hitunar á deiglum í deiglustöð steypuskálans og til viðhaldsvinnu veldur einnig losun á koltvísýringi ásamt ásamt brennslu Acetylane gass til logsuðu í viðhaldsverkefnum. Brennsla jarðefnaeldsneytis sem notað er á mörg farartæki fyrirtækisins losar einnig koltvísýring. PFC myndast í kerum þegar spennuris fer yfir 8 volt. Fylgst er með spennurismum í iðntölvum sem stýra hverju keru og skrá mæligildi í gagnagrunn ásamt tímasetningum.

1.3 Framleiðsla samkvæmt starfsleyfi

Jafnframt ákvæðum í losunarleyfi þessu skal rekstraraðili starfa í samræmi við ákvæði starfsleyfis útgefna af Umhverfisstofnun og gildir fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

1.4 Endurskoðun losunarleyfis

Endurskoða skal ákvæði losunarleyfis eigi sjaldnar en á fimm ára fresti og gera breytingar á því ef þörf er á, skv. 10. gr. reglugerðar nr. 70/2013 um losunarleyfi rekstraraðila í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir. Endurskoðun losunarleyfis fer fram samhliða endurskoðunar starfsleyfis viðkomandi starfsstöðvar skv. IX. kafla reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Umhverfisstofnun er þó heimilt að endurskoða losunarleyfið hvenær sem stofnunin telur það nauðsynlegt.

1.5 Breytingar á starfsemi

Rekstraraðilar skulu tilkynna Umhverfisstofnun tafarlaust með skriflegum hætti um allar fyrirhugaðar breytingar á rekstri starfsstöðvar sem geta haft áhrif á efni losunarleyfis.

Séu breytingar umfangsmiklar er Umhverfisstofnun heimilt að leggja fyrir rekstraraðila að sækja um nýtt losunarleyfi í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 70/2013 um losunarleyfi rekstraraðila í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir.

2. VÖKTUN OG SKÝRSLUGJÖF

2.1 Vöktun

Losunarleyfið er veitt með því skilyrði að vöktun rekstraraðila, þ.m.t. aðferðarfræði og tíðni vöktunar, sé í samræmi við lög og reglugerðir sem gilda á hverjum tíma og er ætlað að innleiða löggjöf Evrópusambandsins um viðskiptakerfi með losunarheimildir, sbr. reglugerð nr. 72/2013 um vöktun og skýrslugjöf í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir.

Hvers konar breytingar á vöktunaráætlun rekstraraðila skulu tilkynntar Umhverfisstofnun og skulu ekki taka gildi fyrr en að fengnu samþykki stofnunarinnar. Rekstraraðilum er heimilt að uppfæra vöktunaráætlun skv. d-lið 2. mgr. 6. gr. reglugerðar 70/2013 um losunarleyfi rekstraraðila í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir án þess að gefa þurfi út nýtt losunarleyfi.

Rekstraraðilinn skal halda skrár yfir öll viðeigandi gögn og upplýsingar, þ.m.t. upplýsingar sem taldar eru upp í IX. viðauka fylgiskjals reglugerðar nr. 72/2013 um vöktun og skýrslugjöf í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir, í minnst 10 ár.

2.2 Skýrslugjöf

Losunarleyfið er veitt með því skilyrði að rekstraraðili skili vottaðri skýrslu fyrir 31. mars ár hvert um losun gróðurhúsalofttegunda í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 72/2013 um vöktun og skýrslugjöf í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir.

3. SKIL LOSUNARHEIMILDA

Losunarleyfið er veitt með því skilyrði að rekstraraðili skuli standa skil á losunarheimildum fyrir 30. apríl ár hvert öðrum en losunarheimildum sem gefnar hafa verið út til flugstarfsemi, sem svarar til losunar koldíoxíðs á undangengnu almanaksári frá starfsemi sem fellur undir leyfi þetta, í samræmi við ákvæði 9. gr. laga nr. 70/2012 um loftslagsmál.

Skil losunarheimilda fara fram í rafrænu skráningarkerfi á vegum Framkvæmdarstjórnar Evrópusambandsins, skv. reglugerð nr. 365/2014 um skráningarkerfi fyrir losunarheimildir.

4. EFTIRLIT OG GJALDSKYLDA

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með að rekstraraðili uppfylli ákvæði losunarleyfis þessa. Fari Umhverfisstofnun með mengunareftirlit samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. og reglugerð nr. 786/1999 um mengunareftirlit, skal eftirlit samkvæmt leyfi þessu fara fram samhliða reglulegu mengunareftirliti.

Rekstraraðili greiðir Umhverfisstofnun gjald vegna útgáfu losunarleyfisins samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar. Umhverfisstofnun er heimilt að taka sérstaklega gjald vegna eftirlits samkvæmt gjaldskrá stofnunarinnar.

5. GILDISTAKA

Losunarleyfi þetta, sem er veitt samkvæmt ákvæðum laga nr. 70/2012 um loftslagsmál, er ótímabundið og öðlast þegar gildi.

Reykjavík 15. ágúst 2014


Ólafur A. Jónsson
Sviðsstjóri


Vanda Úlfrún Liv Hellsing
Sérfræðingur